

Fundargerð 288. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 288. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 4.nóvember 2019 í Innovation House.

Efni fundar:

- Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum
- Excel-skjal til að fjölga fyrirtækjum
- Fjármál
- Tölfræði
- Nýársfagnaður í Marel – tillögur að fyrirlesara
- Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí - fyrirlesarar

Dags.fundar: 4.nóvember 2019	Tími: 11:45-13:00	Nr. fundar: 288
Fundarboðari: AÓG	Fundarritari: GA	Staður: Innovation House

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Ingi Björn Sigurðsson, Jón Gunnar Borgþórsson og Sigríður Harðardóttir

Fjarverandi: Berglind Björk Hreinsdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Guðjón Örn Helgason, Kristján Geir Gunnarsson, Guðný Halla Hauksdóttir.

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum.** Aðalheiður Ósk formaður Stjórnvísí fór yfir hvað felst í því að Stjórnvísí taki yfir að staðfesta vottun á „Fyrirmyndarfyrirtækjum í góðum stjórnarháttum“. Stjórnvísí er með faghóp um góða stjórnarhætti og hugmynd er um að veita viðurkenninguna á sama tíma og Stjórnunarverðlaunin í lok febrúar 2020. Upphafsvinna er í að koma upplýsingum inn á síðu Stjórnvísí en slíkt ætti ekki að taka langan tíma. Þessi umsjón og viðurkenning fellur vel að starfsemi og stefnu Stjórnvísí. Ábyrgðaraðili stjórnar yrði Jón Gunnar Borgþórsson. Ákveðið var að leita eftir samþykki þeirra stjórnarmanna sem ekki komust á fundinn en ítarleg kynning hefur áður farið fram til allra stjórnarmanna. Einnig var ákveðið að leggja niðurstöðuna fyrir fagráð félagsins til að heyra skoðun þeirra.
- **Excel-skjal** til að fjölga fyrirtækjum er komið inn á sameiginlegt drif stjórnar og voru stjórnarmenn hvattir til að skrá í skjalið hvaða fyrirtæki þeir velja að hafa samband við.

- **Fjármál.** Fjárhagsáætlun mun standast fyrir starfsárið 2019-2020. Tekjur eru örlítið hærri sem og kostnaður en gert er ráð fyrir 500.000.-kr. tekjuafgangi starfsári 2019-2020.
- **Tölfræði.** Alls kyns hugmyndir bíða afgreiðslu og munu AOG og GA ýta á eftir Stefnu varðandi framkvæmd nokkurra þeirra í desember og janúar. Fundir streyma inn á viðburðardagatal félagsins. Í mælaborðinu má sjá hve faghópar félagsins hafa tekið hratt við sér og sumir bókað fundi fram á næsta ár. Boðið var upp á 14 viðburði í september á vegum 32 faghópa en á sama tíma í fyrra voru haldnir 7 fundir á vegum 7 faghópa. Fjöldi funda er bókaður í október og nóvember.
- **Nýársfagnaður í Marel** – tillögur að fyrirlesara voru ræddar sem og miðar með verkefnum um hvað mætti betur fara en þeim hefur verið deilt niður eftir verkefnum stjórnar og verða úrlausnir kynntar fyrir félagsmönnum á janúarfundi í Marel.
- **Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí** – hugmyndir voru ræddar um fyrirlesara og fyrirkomulag verðlaunanna 2020.
- **Önnur mál.**
 - Önnur mál voru rædd lítillega:
 - Stjórnvísí á LinkedIn